

II/37.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S
Skýrslu gerir		Mál nr.
Aldís Hilmarsdóttir, löggreglufulltrúi		006-2002-00086
Staður og stund:		
Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 24. ágúst 2004. Kl. 17:00		
Sakarefni:		
Ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995) Umboðssvik (249. gr. 19/1940)		
Vitni:	Kennitala:	
Pórður Már Jóhannesson	080773-5529	
Starf/staða:	Vinnusími:	
Forstjóri Straums Fjárfestingarbanka	580 9100	
Löghemili:	Sími:	
Málanlind 5, 201 Kópavogur	554 6959 / 840 9100	
Dvalarstaður:	Sími:	

Þórður er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeilda samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn löggreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Þórði er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skyrsla vitnis getur varðað refsiábyrgð.

Þórður kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúinn að tjá sig.

Samkvæmt samningi dags. 18. maí 2001 (skjal málsins nr. II/37.2.3) gerðu Fjárfestingarfélagið Straumur hf. (Straumur) og Fjárfar ehf. (Fjárfar) með sér samkomulag um hlutabréfaviðskipti þar sem Fjárfar lagði til hlutabréf í Baugi hf. og Tryggingamiðstöðinni hf. gegn hlutabréfum í Straumi. Um var að ræða hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði 40.000.000 kr. Undir samninginn rita Helgi Jóhannesson f.h. Fjárfars og Þórður Már Jóhannesson f.h. Straums.

Þórður mun nú verða spurður nánar um þessi viðskipti.

Til að byrja með er samningurinn frá 18. maí 2001 borinn undir Þórð og hann spurður hvort hann kannist við þennan samning og undirritun sína á honum. Þórður er einnig beðinn um að gera grein fyrir því hver útbjó þetta skjal.

Þórður segist kannast við þennan samning og sýnir rannsóknurum frumrit samningsins sem hann hafði meðferðis. Þórður segist kannast við undirritun sína á samningnum og kvaðst hafa verið viðstaddir þegar Helgi Jóhannesson undirritaði hann fyrir hönd Fjárfars. Þórður segir að Aðalsteinn Jónasson, hrl. þáverandi lögmaður Íslandsbanka og núverandi lögmaður Straums hafi útbúið skjalið.

Þórður er beðinn um að gera grein fyrir undanfara þessa samnings, samningaviðræðum o.b.h.

Þórður segir að á þessum tíma hafi farið fram hlutafjárvíði í Straumi og hafi Jón Ásgeir Jóhannesson komið til þeirra og bent á það að Fjárfar hefði áhuga á að taka þátt í því útboði. Þórður segir að Jón Ásgeir hefði komið að þessum samningaviðræðum fyrir hönd Fjárfars. Þórður kveðst hafa spurt Jón Ásgeir hverjir hluthafar Fjárfars væru og hann hafi svarað því að það væri hann sjálfur ásamt fleirum, Þórður kveðst ekki hafa spurt hann nánar út í það. Varðandi samningaviðræðurnar þá segir Þórður að þær hafi ekki verið miklar, en það hafi eingöngu verið tveir menn sem komu fram fyrir hönd Fjárfars í þeim og það hafi verið Jón Ásgeir og Helgi Jóhannesson, prókúruhafi. Helgi Jóhannesson hafi raunar aldrei átt neina samningafundi með Þórði, heldur eingöngu undirritað samninginn fyrir hönd Fjárfars.

06118

Helgi hafi þó augljóslega verið vel inni í þessum viðskiptum, þótt hann hafi ekki tekið beinan þátt í samningagerðinni.

Í 3. mgr. 4. gr. samningsins kemur eftirfarandi fram: "*Hin sellu hlutabréf eru seld veðbanda- og kvaðalaus og staðfestir hvor seljenda um sig það með undirritun þessa samnings, að engar kvaðir hvíli á hlutabréfunum.*"

Þórður er spurður hvort að raunin hafi verið sú að umrædd bréf Fjárfars í Baugi hafi uppfyllt þessa grein samningsins.

Þórður segist ekki vita um það, hann muni ekki betur en að Fjárfar hafi staðið við sinn hluta samningsins. Hann bendir á að ef afléttung veðbanda hafi farið fram þá ættu að vera til gögn um það hjá Íslandsbanka og bendir hann einnig á að í samningnum komi fram að bréf Fjárfars í Straumi skyldu afhent til Íslandsbanka til vörslu og því ekki ólíklegt að þau hafi verið sett að veði skuldum Fjárfars þar.

Í 1. mgr. 3. gr. samningsins kemur eftirfarandi fram: "*FF [Fjárfar] skuldbindur sig til að framselja ekki (selja, lána, veðsetja, gefa eða binda kvöðum á einhvern annan hátt) ofangreind hlutabréf sin í FS [Straumur], samtals að nafnverði krónur 285.091.002,00 án fyrirframgefins skriflegs samþykkis FS.*"

Þórður spurður hvort að Straumur hafi á einhverjum tímapunkti veitt Fjárfari skriflegt samþykki sbr. þetta ákvæði samningsins.

Þórður segist ekki minnast þess að slíkt skriflegt samþykki hafi verið útbúið en hann hafi gert ráð fyrir að bréfin hafi verið veðsett engu að síður og síðar seld en það hafi verið með vitneskju og samþykki Straums. Straumur hafi ekki litið svo á að Fjárfar hafi verið að brjóta í bága við samninginn með veðsetningu bréfanna. Þannig hafi ákvæðinu ekki verið fylgt í þaula en ef Straumur hafi ekki komið með athugasemd við sölu eða veðsetningar þá hafi verið litið á það sem samþykki. Ef fulltrúar Straums hefðu verið ósáttir við ráðstöfun Fjárfars á hlutabréfunum í féluginu, þá hefði Straumur gert athugasemdir og eftir atvikum leitað atbeina dómstóla, eins og samningurinn kveður á um.

Samkvæmt ársreikningi Fjárfars 2001 var eignarhlutur Fjárfars í Straumi að nafnverði 235.091.002 í lok árs 2001, sem er 50.000.000 lægra en samningur Fjárfars og Straums kveður á um. Einnig kemur fram í ársreikningnum að þessi eignarhlutur í Straumi sé settur að handveði til tryggingar skuldum Fjárfars.

Þórður kveðst ekkert vita um ráðstöfun þessara 50.000.000 hluta í Staumi og kveðst ekki minnast þess að hafa veitt sérstakt skriflegt samþykki fyrir þeiri ráðstöfun eða sölu. Til að skýra þetta nánar segir Þórður að hugsunin með þessu ákvæði í samningnum við Fjárfar hafi verið sú að um kjölfestufjárfesti hafi verið að ræða og verið væri að koma í veg fyrir að hann seldi hlutabréfin fljótt aftur til að ná í skjótan gengishagnað. Þannig hafi ákvæðinu ekki verið fylgt í þaula en ef Straumur hafi ekki komið með athugasemd við sölu eða veðsetningar þá hafi verið litið á það sem samþykki.

Í svari frá núverandi forsvarsmani Fjárfars kom fram að Baugur hafi fjárfest í Straumi um svipað leyti og Fjárfar og ætluðu félögum tvö að hafa með sér samstarf í Straumi og TM. Þau áform hafi síðan ekki gengið eftir. Þórður er beðinn um að gera grein fyrir vitneskju sinni um þetta samstarf.

Þórður segir að það hafi verið eignarhaldsfélag í eigu Baugs, Dúkur ehf., sem tók þátt í útboðinu á svipuðum tíma og Fjárfar. Þórður segir að það hafi verið Jón Ásgeir sem kom fram fyrir hönd Dúks í þeim viðskiptum, enda forstjóri Baugs á þeim tíma. Þórður segist ekki vita meira um það samstarf félaganna, Baugs og Fjárfars sem kemur fram í svari forsvarsmanns Fjárfars.


Þórður skýrir svo frá að sumarið 2002 hafi Fjárfar selt alla sína hluti í Straumi og Dúkur einnig ásamt fleiri fjárfestum og Íslandsbanki ásamt öðrum fjárfestum hafi keypt langstærstan hluta bréfanna í kjölfar

þess að yfirtökutilraunir félaga tengdum tilteknum forsvarsmönnum Baugs-Group hf ásamt öðrum fjárfestum, gengu ekki eftir.

Þórður er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta en hann kveðst hafa skýrt frá þessum viðskiptum Fjárfars og Straums eftir bestu getu.

Skýrslutöku lauk kl. 18<sup>20</sup>

Staðfest rétt eftir haft:




Þórður Már Jóhannesson

Skýrsluna skráði:



Aldís Hilmarsdóttir

Viðstaddir og þátttakandi í skýrslutökunni:



Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

06112